

Fundur í stjórn TSÍ haldinn 10. september 2024 kl. 12.00 - Skrifstofa TSÍ

Fundinn sátu: Magnús formaður, Soumia ritari, Raj aðalmaður, og Kristín Dana gjaldkeri
Andri Jóns varamaður kom kl. 12.30

Dagskrá

1. Fundargerðir samþykktar

Allir samþykkja fundargerðir. Þær verða birtar á heimasíðu fljótlega.

2. Fjárhagsstaða og staða á færslu bókhalds

Kristín fór yfir stöðuna. Færsla bókhalds ekki hafin enn, en hefst fljótlega. Þarf að tryggja hvað á eftir að sækja til ITF vegna endurgreiðslna.

3. Breytingar á skipan stjórnar

Raj segir sig úr stjórn TSÍ og mun mæta á fundi eftir beiðni sem starfsmaður. Andri tekur sæti sem stjórnarmaður.

4. Landsliðsmál

Andri og Raj ræddu um landsliðsæfingar og þau verkefni sem landsliðið tekur þátt í, þar á meðal Billy Jean King Cup og Davis Cup. Landsliðsmenn verða upplýstir um skyldur sínar gagnvart TSÍ.

5. Umsókn í afrekssjóð ÍSÍ

Magnús og Raj munu klára umsóknina og senda til TSÍ. Vonir standa til að styrkurinn verði hærri í ár.

6. Þátttaka í Nordic Junior

Raj og Magnús munu reyna að þrýsta á norrænu löndin til að Ísland taki þátt í þessu verkefni.

7. Aðalfundur ITF í október

Magnús upplýsti um aðalfund ITF sem haldinn verður í Hong Kong 11. október

8. Ákveða nýja fundartíma stjórnar

Magnús mun kanna betri fundartíma fyrir stjórnina til að hittast.

9. Önnur mál

Padel mál rædd að beiðni Miu til að kanna möguleikann á að sameina Padel og Tennis í einu sambandi eða undir TSÍ. Rökin Miu fyrir því að sameina Padel og Tennis eru eftirfarandi:

- Deiling á aðstöðu og starfsmönnum sem sparar kostnað og eykur hagkvæmni.
- Sameining gæti fjölgað þeim sem taka þátt í báðum íþróttum, sem eykur útbreiðslu beggja greina.
- Sameinað samband gæti auðveldað skipulagningu á mótum og viðburðum fyrir bæði Tennis og Padel.
- Með því að sameina krafta geta íþróttamenn fengið meiri aðgang að þjálfurum og sérfræðingum í báðum greinum.

Stjórn vísaði í niðurstöðu vofundar með formönnum aðildarfélaga TSÍ en þar var ekki áhugi á að taka Padel inn. Magnús benti á að þrátt fyrir þá niðurstöðu gætu áhugasamir alltaf undirbúið að flytja tillögu um Padel á Tennisþingi sem væri hinn rétti vettvangur fyrir samtalið.

Fundi slitið kl. 13.00